



Fundargerð menningarmálanefndar 31.jan 2020

Fundur menningarmálanefndar Vopnafjarðar 31. janúar 2020 í félagsheimilinu Miklagarði, settur 15:05.

Mætt: Jón Ragnar Helgason, Árný Birna Vatnsdal, Hjördís Björk Hjartardóttir, Hreiðar Geirsson og Fanney Björk Friðriksdóttir sem ritar fundargerð ásamt Þór Steinarssyni sveitastjóra á meðan á erindi hans um breytingar á gerð fjárhagsáætlunar stendur.

1. Kynning sveitastjóra á fjárhagsáætlun.

Þór Steinarsson kynnti breytingar á gerð fjárhagsáætlunar og þær væntingar sem hann hafði til þeirra ásamt því hvert hlutverk nefndarinnar gæti orðið í þeirri vinnu. Rætt var um breytingarnar og afstaða nefndarinnar jákvæð til þeirra.

2. Auglýsing starfs framkvæmdarstjóra Vopnaskaks 2020.

Ákveðið var að auglýsa efti framkvæmdastjóra strax á mánudaginn 3. febrúar og hafa umsóknarfrest til 14. febrúar. Fanney Björk falið að sjá til þess.

3. Afgreiðsla greiðslu til 3. flokks kvenna í Einherja vegna jólaskemmtana.

Tilboð 3. flokks samþykkt.

4. Önnur mál

1. Styrkbeiðnir

Ræddar styrkbeiðnir annarsvegar vegna fjölmeningarhátíðar og hinsvegar vegna viðburða á vegum Hótels Tanga. Báðar beinir reyndust ófullnægjandi og afgreiðsla og svör því frestað. Jóni Ragnari falið að sækjast eftir frekari upplýsingum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 16:05